

23. janúar 2012

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ingólfs Guðmundssonar gegn Fjármálaeftirlitinu

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi hinn 5. janúar 2012 í máli Ingólfs Guðmundssonar gegn Fjármálaeftirlitinu. Niðurstaða dómsins var að felld var úr gildi ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 31. ágúst 2010 þess efnis að Ingólfur uppfyllti ekki hæfisskilyrði 6. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, til að gegna starfi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs.

Aðdragandi málsins var sá að stjórn Fjármálaeftirlitsins tók þann 31. ágúst 2010 ákvörðun þess efnis að Ingólfur uppfyllti ekki hæfisskilyrði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og fór fram á að stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga sæi til þess að Ingólfur gegndi ekki stöðu framkvæmdastjóra, en hann hafði verið ráðinn til sjóðsins 10. febrúar sama ár. Er rökstuðningur Fjármálaeftirlitsins rakinn í tilkynningu sem birt var á vef stofnunarinnar 25. maí 2011.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur ekki tekið ákvörðun um hvort dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar.

[Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. janúar 2012 í máli nr. E-7135/2010 Ingólfur Guðmundsson gegn Fjármálaeftirlitinu.](#)

[Fyrri tilkynning Fjármálaeftirlitsins þann 25. maí 2011: Ákvörðun um hæfi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga til að gegna starfinu.](#)